# Gjótuhraun 5 Hafnarfirði.




Byggingarlýsing / verklýsing:

Húsið er staðsteypt á hefðbundinn hátt með stálklæddu þaki.
Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri hraunfyllingu og eða klöpp.
Útveggir staðsteyptir 20 sm. Einangrun 10 sm. plast. Múrhúð 2 sm. Á milli súlna kemur 150 mm. timburveggur með 100 mm. einangrun, rakavarnarlag og klæddur með álklæðningu að utan en vatnsþolnum plötum að innan.
Milligólf hvílir á stálbitum og timbursperrum.
Þak er byggt úr timbursperrum og stálbitum, stálbitar eldvarðir með steinull og gifsklæðningu, þá er þakeinangrun 200 mm. þakull, með vindvörn fest með 2 mm. stálþræði c/c 300 mm. rakavarnarlag, afréttingargrind og loftaklæðningu.
þakkúplar úr auðbrennanlegu plasti til reykræstingar.
Veggir (eldhindrandi) milli einstakra eininga aðrir en steyptir veggir eru a.m.k. EI60 eldhindrandi veggir.
Léttir EI60 veggir, léttir milliveggir á milli einstakra eininga eru uppbyggðir sem hér segir:
35 * 120 mm. blikkgind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2 * 13 mm. gifsplötum.
Hlaðnir EI60 veggir ekki berandi milli einstakra eininga eru byggðir upp sem hér segir:
70 mm. hlaðnir vikurveggir múrhúðaðir beggja vegna með 15 mm. múrhúð.
Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum.

LR. táknar loftræstingu.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanlega glugga, lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikk stokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

Sérstakar skýringar vegna einangrunar:
Botnplata einangruð með 75 mm. einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 50 sm. niður fyrir plötu með 75 mm. einangrunarplasti. Ofan á einangrun gólfplötu skal leggja þolplast (rakasperra). Útveggir eru einangraðir með 100 mm. einangrunarplasti. Þak er einangrað með 200 mm. þakull.
Í gluggum er tvöfalt K-gler (12 mm. loftbil í föstum gluggum en 9 mm. loftbil í opnanlegum gluggafögum og hurðum.)
Að öðru leiti skal miða við að kólnunartölur einstakra byggingahluta séu í samræmi við byggingarreglugerð og ÍST 60.

Starfsemi:
Ætlunin er að í húsinu verði iðnaðar- eða matvælaframleiðsla og er áætlaður starfsmannafjöldi 7-10 manns.

**Verkfræðiþjónusta Jóhanns G Bergþórssonar. EHF.**
Kennitala: 570879-0149 Strandgata 28 220 Hafnarfjörður Sími 555-3250 Fax 555-3251 Netfang beggi@islandia.is

| Tilv. | Magn. | Titill verks. | Breytt. dags. | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | GJÓTUHRAUN 5 HAFNARFIRÐI | 05.08.2005 | | |
| Hannað af: JGB | Teiknað af: Bergþór J. | Yfirfarið af: | Samþykkt af - dags. | Dags: 24/04/2002 | Mælikvarði: 1/200 |

Gjótuhraun 5 Hafnarfirði.
Byggingarnefndarteikning.
Lóðauppdráttur og byggingarlýsing.

| Teikning Nr: | Skráarheiti: | Útgáfa: | Blað nr./nr. |
|---|---|---|---|
| 001 | Tillaga 10 | 1 | 1/4 |

Athugasemdir: Milligólfi, innraskipulagi og útliti breytt 05.08.2005